

## FUNDARGERÐ

**67. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn fimmtudaginn 13.06.2019 á skrifstofu félagsþjónustunnar, Helli, kl. 16.45**

Fundinn sátu: Áslaug Einarsdóttir, Árný Hrund Svavarsdóttir, Gyða Björgvinsdóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Fanney Björg Karlsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir, Arndís Fannberg og Helga Lind Pálsdóttir, félagsmálastjóri ritaði fundargerð.

Formaður setur fund.

### Trúnaðarmál:

1-2 fært í trúnaðarmálabók.

### Almenn mál:

1. Beiðni um hækkun á greiðslum til sumardvalaforeldra.

Greinargerð lesin.

*Félagsmálanefnd samþykkir fyrir sitt leyti að hækka greiðslur til sumardvalaforeldra í samræmi við tillögur félagsmálastjóra*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.00

Næsti fundur er áætlaður 22.06.2019 kl. 16.45




Árný Hrund Svavarsdóttir



Áslaug Einarsdóttir




Hrafnhildur Valgarðsdóttir




Helga Lind Pálsdóttir




Fanney Björg Karlsdóttir



Gyða Björgvinsdóttir



Arndís Fannberg



Auðbjörg Bjarnadóttir

**Félagsmálanefnd Rangárvalla-og Vestur Skaftafellssýslu**

**Hella, 12.06.2019**

**Beiðni um hækkun á greiðslum til sumardvalarforeldra í Rangárvalla- og Vestur-  
Skaftafellssýslu.**

Starfsmenn barnaverndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu starfa eftir barnaverndarlögum nr. 80/2002. Skv. 24 gr. laganna ber barnavernd að útvega stuðningsúrræði í einstaka málum þegar svo á við. Eitt af þeim úrræðum sem barnavernd ber að bjóða er sumardvöl barns á einkaheimili. Sumardvöl á einkaheimili er úrræði sem nýtt er í samráði við foreldra/forsjáaðila og við barn ef aldur og þroski leyfir. Sumardvöl getur varað allt að þrjá mánuði en algengast er að sumardvöl á einkaheimili vari í eina til tvær vikur yfir sumartímann. Barnavernd/félagsþjónustan metur ár hvert hvaða börnum er boðið upp á að fara í sumardvöl á árinu. Mál viðkomandi barns er þá metið og tekin afstaða til hvort að sumardvöl á einkaheimili sé til þess fallinn að mæta þörfum um stuðning.

Það er mat starfsmanna félagsþjónustu og barnaverndar að hér sé um að ræða gagnlegt, mikilvægt og jafnframt nauðsynlegt úrræði til stuðnings við fjölskyldur og börn á þjónustusvæði félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

Kostnaður við hverja viku í sumardvöl var á árinu 2016, 47.000 kr. Á árinu 2017 var ákveðið að hækka greiðslur fyrir hverja viku í 55.435 kr. Um er að ræða verktakagreiðslur. Að mati starfsmanna félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu er þessi upphæð enn fremur lág og erfitt er að fá aðila til að taka verkefni að sér. Þá ber að geta þess að árlega fara um 1 til 2 börn á öllu þjónustusvæðinu í sumardvöl á einkaheimili á ári.

Er því lagt til að greiðslur til sumardvalaforeldra verði reiknaðar út frá sömu forsendum og greiðslur vegna fósturvistana þ.e.a.s. 8\*barnalífeyri eins og hann er reiknast hjá Tryggingastofnunni ríkisins hverju sinni, deilt niður á fjórar vikur. (8\*34.362/4 = 68.724).

Virðingafyllst.

f.h. félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.



Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi MA

Félagsmálastjóri.